



**Viðfangsefni áfangans:**

Í áfanganum er lagður grundvöllur að skilningi á rauntalnakerfinu og fallhugtakinu ásamt góðri færni í algebru auk undirstöðuatriða í talnafærni. Kynnt er hvernig nota má föll til að leysa hagnýt verkefni.

Undanfari: STÆR1AJ05

**Markmið áfangans:**

Að efla reikningslega færni nemenda og auka kunnáttu þeirra í táknrænni túlkun. Að veita nemendum yfirsýn yfir reiknireglur og þjálfá þá í skilmerkilegri framsetningu. Að þjálfá rökræna hugsun nemenda.

Nemandi á að námi loknu:

- að hafa öðlast góðan skilning á talnakerfinu
- að hafa náð góðu valdi á bókstafareikningi
- að þekkja fallhugtakið og aðgerðir á föllum
- að þekkja vel annars stigs margliður og annars stigs jöfnur
- að geta reiknað með margliðum og ræðum föllum

**Kennslubækur og önnur kennslugögn:**

STÆ 225 – eftir Jón Þorvarðarson, útg. STÆ ehf. Ýmis ljósrit frá kennara.  
Vasareiknir.

**Verkefnaskil og próf:**

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf ásamt heimadæmum og ýmsum verkefnum.

**Nemandi er skylt að taka öll lotuprófin á tilsettum tíma.** Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf, tekur hann prófið strax í næstu kennslustund eða við fyrsta tækifæri í samráði við kennara.

**Námsmat:**

Lotupróf, heimaverkefni og tímadæmi mynda annareinkunn. Annareinkunn getur ekki hækkað lokaéinkunn nemanda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Lokaeinkunn skiptist svona:

Vægi lokaprófs	70%
Vægi annareinkunnar	30%

Annareinkunn skiptist svona:

Vægi lotuprófa 70%

Vægi heima-/tímadæma 30%

Mögulegt er að sleppa við lokapróf og láta annareinkunn gilda sem lokaeinkunn áfangans ef nemandi uppfyllir eftirfarandi.

### **Skilyrði til að sleppa lokaprófi:**

- Ná meðaltalinu 6 úr öllum lotuprófum
- Skila **öllum** verkefnum á réttum tíma
- Ná sérhverju lotuprófi (yfir 4,5)

### **Mikilvægt að hafa í huga:**

- Eigi nemandi kost á að sleppa lokaprófi, þá fær hann staðfestingu á því frá kennara sínum áður en kennslu annarinnar lýkur, með skilaboðum í Innu og/eða í tölvupósti í FSu netfangið sitt. Aðrir eiga að mæta í lokapróf. Skróp í lokaprófi gefur fallelkunn (F).
- Nemandi sem skilar rafrænum verkefnum þarf að tryggja að verkefnin séu á læsilegu sniði (format).

Yfirferðaráætlun:

Vika	Kaflar	Efni	
1-3	Ljósrit	Hnitareikningur	
3-4	Ljósrit	Hnitareikningur	LP-1
5-6	2	Ójöfnur	
7-10	3	Færslur og algildi	LP-2
10-12	4	Annars stigs jöfnur	LP-3
13-14	5	Fleygbogar / skurðpunktar línu við fl.boga	LP-4
17		Skráp	
18		Upprifjun	

### **Athugasemdir og skýringar:**

Meira en 10. mín. fjarvera úr kennslustund jafngildir F. Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara.

Ef nemandi mætir í kennslustund án tilskilinna kennslugagna er kennara heimilt að skrá fjarvist á hann.

Áætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.

**F.Su. 5. Janúar 2022**

*Kjartan Ólason*